

Æskulýðsnefnd Gusts

Veturinn 2012

Í nefndinni voru :

Sigrún Valþórsdóttir og

Matthildur R kristjánsdóttir

Vetrarstarfið hófst með kynninga fundi fyrir börn og foreldra 8. Janúar í Félagsheimi Andvara þar sem kynnt var starfsemi vetrarinn og boðið upp á pítsur .

Við ákváðum að keyra sameiginlega dagsrúka fyrir börn í hestamannafélögunum Gusti og Andvara þennan vetur.

Strax 9. Janúar hófust knapamerkjánámskeið kennari Vilfríðríður Sæþórsdóttir sem voru vel sótt.

23. janúar voru handin námskeið fyrir krakka og polla (6 tímar) Kennari. Halla María Ómarsdóttir.

14. febrúar var farin rútuferð austur fyrir fjall til Olil Amble þar sem hún sýndi okkur hvernig hún býr og starfar.

18. febrúar hófust svo æfingar fyrir æskuna og hestinn þar sem félögin vorum með þetta sameiginlegt þá gátum við skipt hópnum eftir aldri og haft tvo kennara þær Höllu Maríu og Vilfríði.

5. mars hófust svo keppnisnámskeið kennarar voru þau Jonni og Erla Guðný og gengu þau mjög vel.

4. mars var haldin krakkadagur í reiðhöll Andvara þar sem settir voru upp nokkrir hoppukastalar og grillaðar pylsur.

5.mars voru haldin krakkanámskeið (6 tímar)kennari Halla María .

12. mars voru haldin keppnisnámskeið og voru kennarar þau Jonni og Erla Guðný og fylgdu þau krökkunum eftir í gengum félagsmótinn.

25. mars var haldið smalamót Anvara og Gusts og var Erla Guðný krökkum til halds og trausts þann dag .

1. apríl Sýningin Æskan og hesturinn sem var haldin í reiðhöll Fáks í Víðidal þáttakan var mjög góð Byrjuðum á að hittast um morguninn í félagsheimlili Andvara þar sem við fengum okkur pítsu og þjöppuðum hópnum saman , fengum lánaða gamla rauða rútu sem við keyrðum krakkana í upp í Víðidal og gátum notað hana líka sem afdrep á meðan sýningu stóð . krakkarnir stóðu sig sem hetjur á þessari sýningu .

6. apríl var haldin þrauta og leikjadagur í reiðhöll Gusts þar sem riðin var þrautabraut og allir mættu í grímubúningum og veitt voru verðlaun fyrir besta búningin og besta tíman og allir leystir út með páskaeggjum , grillaðar voru pylsur fyrir alla og þáttakan var mjög góð.

1. maí var haldið Æskulýðsmót Andvara og Gusts og var þáttaka góð .

Buðu æskulýðsnfndirnar öllum upp á grillaðar pylsur og safa.

11. maí var farið í fjölskyldureiðtúr upp í Heiðmörk og grillaðar pylsur í Guðmundarlundi á eftir.

Fyrir hönd Gusts

Sigrún Valþósdóttir

Mattildur R Kristjánsdóttir